# SPILLINGAR- OG MÚTURMÁLASTEFNA

Það er loforð Gallon til birgja, samstarfsaðila og viðskiptavina að stunda viðskipti af heiðarleika.

Við förum ávallt að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgjum þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Við tökum hvorki við né greiðum neitt það sem flokkast getur undir mútur. Við eigum ekki viðskipti við aðila sem grunur leikur á að stundi peningaþvætti. Öll viðskipti Gallon hf. skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og háð endurskoðun. Við forðumst hagsmunaárekstra á milli eigin fjármála og viðskipta fyrirtækisins.

Viðskipta- og siðareglur starfsmanna Gallon voru settar og gefnar út árið 2016. Þar leggjum við áherslu á heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og gerum ráð fyrir því sama af þeim sem fyrirtækið skiptir við.

.

Stefna þessi skal vera aðgengileg á vefsíðu Gallon og rýnd árlega.